

Ár 2018, miðvikudaginn 11. júlí er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Austurvegi 3, Selfossi af settum dómara Ólafi Björnssyni hrl á Selfossi.

Fyrir er tekið málið nr. 1/ 2018

Kærandi:

Nafn: Keiludeild Íþróttafélags Reykjavíkur
Kennitala: 591094-2039
Heimilisfang: Skógarsel 12 109 Rvk.

Kærði:

Nafn: Keilufélag Reykjavíkur
Kennitala: 490986-1119
Heimilisfang: Stigahlíð 26 105 Rvk.

Meðalgöngustefndi : Keilusamband Íslands – Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

og kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

Þann 24. jan sl. barst Íþróttadómstól Íslands kæra frá Keiludeild Íþróttafélags Reykjavíkur. Málinu var úthlutað til undirritaðs dómara. Ákveðið var að málið yrði flutt skriflega, og sendi kærði greinargerð til dómsins dags. 20. feb. sl. og svo aftur 21. feb. sl. Var hún svo send kæranda, og gafst honum þá tækifæri á að senda inn greinargerð, sem hann sendi dómnum 14. mars sl, ásamt leikskýrslu. - í framhaldinu gafst kærða tækfæri að gera athugasemdir við framkomna grg. kæranda, en frekari gögn bárust ekki.

Keilusamband Íslands stefndi sér svo inni málið með greinargerð 1. mars 2018. Dómari ákvað með vísan til 20. gr. 1. 19/1991, að veita KLÍ, rétt til meðalgöngnu í málinu til varnar.

Málavextir og málsástæður kæranda: Kærandi krefst þess að úrslitum í leik KFR Frænda og ÍR Keila.is í Íslandsmóti liða KLÍ í 3. deild, sem leikinn var 19. desember 2017 verði breytt á þann veg að KFR Frændur tapi leiknum 0-14.

Kærandi kveður málsatvik eru þau að þann 19. desember s.l. hafi verið leikinn deildarleikur í 3. deild milli liðanna KFR Frændur og ÍR Keila.is. Þeim leik var frestað. Skv. reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða segir í næst síðustu málsgrein 10. gr. að aðeins megi nota þá leikmenn sem voru löglegir með liði þegar leikur átti að fara fram. Í umræddum leik þann 19.12.17 notuðu KFR Frændur leikmann sem ekki var með leikheimild á upprunalegum degi. Skv. úrskurði stjórnar KLÍ var ekki vafi á því að umræddur leikmaður hafi ekki verið með leikheimild þegar

leikur átti upprunalega að fara fram og því verið ólöglegur, sjá ákvörðun stjórnar KLÍ er sendur var í tölvupósti.

Stjórn KLÍ ákvað á fundi sínum þann 18.1.18 að úrslit leiksins skyldu fara þannig að um leið og umræddur leikmaður kom inn á í 2. leik af þrem í viðureigninni skyldi skor liðsins falla út og því væri niðurstaða leiksins **11 – 3 sigur ÍR Keila.is í stað 14 – 0**

Þess ber að geta að ein umferð í keilu eru þrír leikir. Þessari nýrri túlkun stjórnar KLÍ mótmælir ÍR með tölvupósti 21.1.18 og krafðist þess að stjórn KLÍ veiti útskýringar á því af hverju í þessu tilviki sé horfið frá fyrri framkvæmd og ný túlkun tekin upp. Svar barst frá stjórn KLÍ daginn eftir þann 22.1.18.

Stjórn ÍR ákvað að fá frekari svör frá stjórn KLÍ sem bárust 22.1.18. Það er mat ÍR að ekki hafi komið fram nægjanleg rök fyrir breyttu verklagi og er því mótmælt að breytt verklag í veigamiklum málum sé tekið upp án samráðs við félög innan KLÍ.

Einhver tilvik á yfirstandandi tímabili hafa komið upp þar sem ólöglegur leikmaður hefur tekið þátt í leik og hafa þau úrslit verið færð 14 – 0 án athugasemda liða eða stjórnar KLÍ.

Fjöldmörg tilvik hafa komið upp á liðnum keppnistímabilum þar sem þetta hefur gerst og öll án athugasemda félaga eða stjórnar KLÍ þrátt fyrir vitneskju aðila um málsatvik. Hér er því um brot á eðlilegri jafnræðisreglu, sem ætti að gilda, þegar stjórn KLÍ tekur upp nýtt verklag á miðju tímabili. Einnig mótmælir ÍR þeirri túlkun að um leið og leikmaður kemur inn á í leik að staða leiksins fram að því haldist óbreytt. Slíkt er andstætt hugsun reglna og sambærilegra reglna annarra sérsambanda innan ÍSÍ þ.e. í liðsliþróttum sbr. HSÍ, KSÍ, KKÍ, BLÍ og annarra.

Röksemdir og lagarök kæranda:

Með vísan til málsatvika og lagaraka telur Keiludeild ÍR ljóst að úrslit leiksins hefðu átt að vera 14-0 ÍR Keila.is í vil. Þar sem skor var fært þannig inn í samræmi við hefðir Keilusambandsins að þá var ekki tilefni til að höfða mál fyrir dómstóli ÍSÍ til að óska eftir breyttum úrslitum fyrir en nú. Ótækt er að stjórn Keilusambandsins geti breytt úrslitum leikja án þess að stjórn Keilusambandsins sé falið slíkt vald í reglum sem um sambandið gildir.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða má lið sem fær frestun eingöngu nota þá leikmenn sem löglegir voru með liðinu þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um keilumót skal viðureign dæmd liði sem notar leikmann sem hefur ekki leikheimild töpuð.

Að mati Keiludeildar ÍR er innan við vika frá því að ljóst varð hver niðurstaða málsins yrði og ekki voru ástæður fyrir hendi til að hefja mál fyrir þann tíma þar sem leikurinn hafði þegar verið færður inn sem 0-14 tap KFR Frænda.

Ef ekki er fallist á að kæra hafi borist innan viku frá því að atvik það sem kært er bar við eða ástandi lauk telur Keiludeild ÍR að sérstakar ástæður séu fyrir hendi til að taka mál þetta fyrir með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga um ÍSÍ.

Sjónarmið kærða, Keilufélags Reykjavíkur: Kærði KFR sendi dómnum sjónarmið sín með bréfi dags 20. feb. 2018, og 21. feb 2018.

Kærði benti á að KLÍ Keilusamband Íslands hefur tekið á þessum báðum málum (það var önnur kæra svipuð á ferð á sama tíma) og birt niðurstöðu til leikmanna liða sem eru samkvæmt lögum og reglum KLÍ. Þetta er innanhús mál hjá keilunni sem þarf að leysa þar en ekki hjá dómstólum ÍSÍ, að mati kærða. Kærði bendir á tölvupósta sem hann hefi séð og eftir samtöl við leikmenn að þarna séu örfáir aðilar komnir í einhverskonar þissukeppni.

Forsvarsmenn kærða segjast hafa sett sig í samband við formann ÍR og vilji stæði til að taka á þessum málum. Kærði ítrekar að KLÍ hafi birt niðurstöðu sem er samkvæmt leikreglum sambandsins og rökstutt þær með vísan í lög og reglugerðir sambandsins, og telur að dómurinn eigi að skoða niðurstöðu sambandsins og vísa þessum málum heim til föður húsanna.

Sjónarmið meðalgöngustefnda KLÍ:

Keilusamband Íslands (KLÍ) stefndi sér inni málið með greinargerð dags 1. mars 2018. Vísað var til þess að sambandinu var gefin kostur á meðalaðild að viðkomandi máli með vísan í 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var stjórn KLÍ gefin frestur til að skila inn greinargerð fyrir 1. mars.

Kröfur meðalgöngustefnda eru að ákvörðun KLÍ um að úrslit hins kærða leiks standi, 11-3.

Málavextir eru tilgreindir í kærinni og eru réttir að mati meðalgöngustefnda. Þann 19. febrúar fékk stjórn KLÍ tölvupóst frá fyrirliða KFR Frænda þar sem hann benti á að skorritari hafi skráð úrslit umrædds leiks 0 -14 og gerði kröfu á að þau stig sem unnust í fyrsta leik viðureignarinnar enda hafi umræddur leikmaður ekki leikið þann leik.

Stjórn KLÍ tók málið fyrir á stjórnarfundum 11. janúar sl. og úrskurðaði að KFR-Frændur skyldu halda þeim stigum sem liðið vann til í fyrsta leik umræddar viðureignar og úrslit viðureignarinnar því 3 – 11 fyrir ÍR-Keila.is

Meðalgöngustefndi bendir á að í hverri umferð á Íslandsmóti liða fer fram ein viðureign. Viðureign samanstendur af þremur leikjum þar sem þrír leikmenn hvors liðs leika við þrjá leikmenn mótherjans. Í umræddum leik urðu þau leiðu mistök fyrirliða liðs KFR-Frænda að hann setti leikmann á skýrslu sem nýlega hafði fengið leikheimild með liðinu. Hins vegar, þar sem um frestaða viðureign var að ræða, hafði viðkomandi leikmaður ekki leikheimild með liðinu þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

Umræddur leikmaður tók ekki þátt í fyrsta leik viðkomandi viðureignar en lék leiki 2 og 3. Með vísan í 5. grein Reglugerðar KLÍ um keilumót tók stjórn þá ákvörðun að þau stig sem lið KFR-Frænda fékk í fyrsta leik viðkomandi viðureignar, þar sem umræddur leikmaður lék ekki, skuli standa.

Í 5. grein reglugerðarinnar segir: „Ef lið eða félag notar leikmann sem er í banni eða hefur ekki leikheimild með félagi og/eða liði, skal umræddur leikur/viðureign dæmd því félagi/liði töpuð. Stjórn KLÍ getur afturkallað keppnisheimild einstaklings/liðs/félags vegna vangoldinna skulda við KLÍ.“

Það er túlkun stjórnar KLÍ að orðalag reglugerðarinnar opni á að einstakir leikir innan viðureignar geti staðið óbreyttir ef brot hefur ekki verið framið í þeim leik. Orðalagið sem vísað er í er „skal umræddur leikur/viðureign dæmd því félagi/liði töpuð“.

Það er einnig rætt um í kæru Keiludeildar ÍR að sú hefð hafi skapast að skorritari KLÍ hafi hingað til tekið sjálfur á svona málum og úrskurðað viðkomandi viðureign tapaða 0 – 14. Þess ber að geta að umræddu orðalagi í 5. grein Reglugerðar KLÍ um keilumót var breytt á ársþingi KLÍ 2016. Með því má segja að umræddri hefð hafi verið ýtt til hliðar og ný túlkun á reglugerðinni orðið til. Hafi skorritari haldið áfram umræddri hefð er augljóslegar um mistök af hans hálfu að ræða sem stjórn var ekki kunnugt um en um leið og stjórn varð kunnugt um þetta mál þá ákvað stjórn að grípa inn í með vísan í 10. grein, f lið laga Keilusambands Íslands.

Í kærinni er fullyrt að hvergi í reglum KLÍ sé að finna neitt um hver eigi að hafa eftirlit með því að ólöglegir leikmenn séu notaðir. Þessu er stjórn KLÍ ekki sammála og bendir þar til 10. greinar , f liðar, laga Keilusambands Íslands.

Það er túlkun meðalgöngustefnda að f liður heimili stjórn að taka fyrir mál og úrskurða um, þar sem reglugerðir og/eða lög KLÍ hafa verið brotin eða farið á svig við reglugerðir og/eða lög, önnur en agamál sem fara fyrir Aganefnd KLÍ.

Einnig er í kærinni talað um hvernig málum er háttað í viðureignum sem fram fara á vegum annara sérsambanda án þess þó að fram séu lögð nein gögn því til stuðnings. Í keilu er, eins og áður hefur komið fram, gefin stig fyrir hvern leik innan viðureignar. Ekki er, svo undirrituðum sé kunnugt um, þannig fyrirkomulag í neinni annarri íþróttagrein hér á landi. Ekki er t.d. hægt að nota ólöglegan leikmann í fyrri hálfleik fót-, hand- eða körfubolta þar sem það hefur áhrif á úrslit leiksins sem saman stendur af tveimur hálfleikum. Þarna er talsverður munur á. Í umræddum leik hafði umræddur leikmaður engin áhrif á úrslit fyrsta leiks viðureignarinnar en hafði áhrif á úrslit leikja 2 og 3 þar sem hann lék viðkomandi leik.

Stjórn KLÍ, meðalgögnustefnda, stendur við ákvörðun sína um að upphafleg úrslit leiksins skulu standa og krefst þess að Dómstóll ÍSÍ staðfesti þá ákvörðun.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort kærði KLÍ hafi haft heimild til þess að úrskurða leik KFR Frændur og ÍR Keila.is. sem fram fór 19.des. 2017, ómerkan á grundvelli f. liðar 10. gr. laga Keilusambands Íslands. Í málinu liggur fyrir að Keilusambandið hefur ekki tekið upp eigið dómstólakerfi. Einnig liggur fyrir að dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar. Það er mat dómsins að ágreining um atvik líkt og hér er til umfjöllunar hefði átt að bera undir dómstólinn. Stjórn KLÍ fór samkvæmt þessu út fyrir valdsvið sitt með úrskurði sínum. Með vísan til þessa ber að taka dómkröfu kæranda til greina í málinu. Samkvæmt því skulu 14-0 úrslit í leik KFR Frændur og ÍR Keila.is. í Íslandsmóti liða KLÍ í 3. deild sem leikinn var 19. des 2017, standa óbreytt.

Úrskurðarorð: Felldur er úr gildi úrskurður stjórnar KLÍ, frá 18. jan 2018, um að fella úr gildi 14-0 úrslit í leik KFR Frændur og ÍR Keila.is. í Íslandsmóti liða KLÍ í 3. deild. Úrslit leiksins skulu standa óbreytt.

Ólafur Björnsson hrl, dómari (sign)



Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls.
Bent er á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

